

## Fundargerð 139. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Svanur Gunnsteinsson, Agnar Ólason og Andrés Bjarnason.

Fjarfundur: Guðni Þór Elisson.

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Dagskrá :

1. Frágangur fundargerðar stjórnarfundar nr. 138.
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.
3. Stjórnarfundir vorönn 2020.
4. Málefni Guðna Þórs Elissonar
  - a. Heimasíðan.
  - b. Fjölgun félagsmanna.
  - c. Metal ráðstefna í Noregi ?
5. Önnur mál.

### 1. Frágangur á fundargerð 138. stjórnarfundar

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð. Einnig voru undirrituð skjöl frá Valitor, vegna varna geng peningaþvætti og Landsbanka Íslands vegna yfirfærslu á reikningi frá styrktarsjóði Vélstjórafélags Ísafjarðar til VM. Peningarnir verða framvegis í vörslu VM en stjórn styrktarsjóðsins mun alfarið sjá um úthlutanir úr sjóðnum.

### 2 Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.

Formaður sagði frá þeim kjarasamningum sem hafa verið kláraðir frá síðasta fundi. Kjarasamningar Orkuveitunnar eru í kosningu sem lýkur á hádegi á morgun. Hann lagði líka fram yfirlit yfir alla kjarasamninga sem félagið er með, 18 samningar eru virkir, 10 er búið að klára og rest í vinnslu. Erfiðlega hefur samt gengið að fá fundi vegna samninganna sem eftir eru en við erum að vinna í þessu.

Spurt var hver staðan væri með fiskiskipin. Formaður svaraði því að við værum í samningaviðræðum með bókanir og mikið væri talað. Í fyrradag varð endanlega ljóst að sjómannafélögin verða ekki öll saman eins og vonir stóðu til. Sjómannasambandið tók sig út en eru til í samvinnu en ekki samstarf. Samninganefnd sjómanna er boðuð til fundar í næstu viku.

Talsverð vinna er hjá kjaradeildinni við að aðstoða fyrirtæki í að finna út úr vinnutímastyttingunni. Að lokum lagði formaður fram fundarplan um hina árvissu jóla og áramótafundi með sjómönnum.

### 3. Stjórnarfundir vorönn 2020.

Formaður lagði fram plan að stjórnarfundum frá janúar til maí 2020.

23. janúar

20. febrúar

19. mars, undirritun ársreiknings

27. mars, aðalfundur

16. apríl

14. maí

Fundaáætlunin var samþykkt en samt rætt að mögulega yrði breyting á síðustu 2 fundunum þar sem ný stjórn verður kosin á aðalfundi.

### 4. Málefni stjórnarmanns

- a. Heimasíðan.
- b. Fjölgun félagsmanna.
- c. Metal ráðstefna í Noregi?

Stjórnarmaður óskaði eftir því að þessi málefni yrðu tekin upp á fundinum. Varðandi heimasíðuna sagðist formaður taka heilshugar undir það að heimasíðan væri ekki sú skemmtilegasta og rétt að það þyrfti að lífga upp á hana. Talað um að við yrðum að gera eitthvað plan til að ná til ungra félagsmanna. Formaður sagði að við styrktum alltaf tímarit útskriftarnema, Skrúfuna með auglýsingu og dreifingu og einnig keyptum við auglýsingu á peysuna sem gerð er fyrir skrúfudaginn, að vísu verðum við ekki á næstu peysu þar sem búið var að selja allt nema einhvern smá bút neðst og þá tók hann þá ákvörðun að vera ekki með. Strákarnir lofuðu að skrifa vinnureglu til næsta útskriftarhóps að tala við okkur áður en almenn auglýsingasala byrjar á peysuna og vonum við bara að þeir standi við það. Skipaður var vinnuhópur um það hvernig við nálgumst skólana, við þurfum að ná til allra skóla.

Varðandi Metal ráðstefnuna í Noregi þá var þetta fundur IndustriAll í Finnlandi. Í fundargögnum eru öll skjöl sem lög voru fram á þessum fundi. Þetta er engin skemmtiferð, fundað er frá 9 – 17 annan daginn og 9 – 13 hinn og svo beint í flug heim. Við sitjum þessa fundi fyrir hönd iðnfélaganna.

Rætt var um þá sem vinna við vélgæslu í frystihúsum. Þessir menn taka laun samkvæmt okkar samningi en borga í Afl, þurfum við ekki að ná þeim til okkar?

### 5. Önnur mál

- Formaður ræddi um að stjórnin þyrfti að fara í stefnumótunarvinnu um framtíðarsýn félagsins og stakk upp á að fara í það á nýju ári þegar búið væri að klára kjarasamninga.
- Talað var um að stjórn gæti ekki verið að koma með tillögur að hinu og þessu sem ætti að gera. Allt kostar og það þarf að hugsa um það og svo jafnframt hvort við hreinlega höfum mannskap til að vinna þetta. Hann sagði líka að sér fyndist flott að flytja yfir og taka upp meira samstarf við önnur iðnaðarmannafélög og fara svo að huga að því að fara úr ASÍ og jafnvel að stofna Iðnaðarmannasamtök.

- Talað var um að setja allt fulltrúaráðið í stefnumótuninni, þá fáum við fjölbreyttari hóp.
- Rætt var um þóknanir sem fjárvörsluaðilar eru að innheimta.

Fundi slitið kl. 14:25